



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 23. janúar 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 15:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Ástrós Elísdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Róbert Kristjánsson setti fundinn og stjórnaði honum í fjarveru oddvita og varaoddvita sem höfðu lýst sig vanhæfa til að fjalla um málefni fundarins. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti – sérstök skilyrði fyrir Skagaströnd

Með bréfi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem áður var til umfjöllunar sveitarstjórnar þann 15. janúar 2020 var tilkynnt um úthlutaðan byggðakvóta til Skagastrandar vegna fiskveiðíársins 2019/2020 sem nemur 179 þorskígildistönum. Í bréfinu kemur fram að veittur sé frestur til 27. janúar til að gera tillögur að sérstökum skilyrðum varðandi úthlutun byggðakvótans.

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu sem lá fyrir fundinum:

Tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að óska eftir við háttvirtan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar sbr. bréf ráðuneytisins dags. 30. desember 2019. Vísað er til 2., 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 676/2019 og óskað eftir að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett:

1. Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í two flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar 139 tonnum skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðíári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.
2. Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2019 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (40 tonnum) verði úthlutuðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum (139 tonnum



auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðíári) verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar.

3. Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. 1. töluliður þessarar tillögu. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.
4. Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skyld að landa í byggðarlaginu. Er þetta skilyrði ófrávíkjanlegt.


Sveitarstjórn ræddi fyrirliggjandi tillögu og fór yfir líkleg áhrif af þeim ákvæðum sem þar koma fram. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál


Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl.15:30



Róbert Kristjánsson


Kristín B. Leifsdóttir


Jón Ólafur Sigurjónsson


Guðmundur E. Erlendsson


Ástrós Elísdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir